

Miðvikudaginn 15. apríl 1992.

Nr. 154/1992. **Landssamtökin Þroskahjálp
vegna Sigríðar Árnadóttur**

gegn

**Guðmundi J. Guðjónssyni,
Guðrúnu V. Sverrisdóttur,
félagsmálaráðherra og
Helgu Ingólfssdóttur fyrir hönd
Páls Helga Arnarsonar.**

Kærumál. Meðalganga. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili kærði hinn 18. mars síðastliðinn til Hæstaréttar dóm, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Seltjarnarness 6. sama mánaðar, en með honum var vísað frá dómi meðalgöngusök, sem sóknaraðili hafði höfðað 19. nóvember 1991. Aðalkrafa sóknaraðila í héraði var sú, að meðalgangan yrði heimiluð. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til b-liðar 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hér fyrir dómi krefst hann þess, að héraðsdómur verði felldur úr gildi og „lagt verði fyrir héraðsdóminn að leggja efnisdóm á málið“.

Af hálfu varnaraðilanna Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur er aðallega krafist staðfestingar héraðsdóms varðandi frávísun. Til vara er sú krafa gerð, að meðalgöngu verði hafnað. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar auk virðisaukaskatts og vaxtavaxta.

Af hálfu varnaraðilans Helgu Ingólfssdóttur f.h. Páls Helga Arnarsonar hefur komið fram greinargerð í kærumáli þessu. Segir þar: „...eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur fyrir Hæstarétti, en lýst yfir stuðningi við kröfur sóknaraðila“.

Frá félagsmálaráðherra hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með vísan til forsendna hins kærða frávísunardóms ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilunum Guðmundi J. Guðjónssyni og

Guðrúnu V. Sverrisdóttur málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sóknaraðili hefur byggt kæru þessa á fyrrgreindu ákvæði í 21. gr. laga nr. 75/1973, enda kvað héraðsdómari upp frávisunardóm. Héraðsdómari átti einnig þann kost að synja um meðalgöngu án formlegrar frávisunar. Var kæra og heimil eftir i-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laganna.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávisunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Landssamtökin Þroskahjálp vegna Sigríðar Árnadóttur, greiði varnaraðilunum Guðmundi J. Guðjónssyni og Guðrúnu V. Sverrisdóttur 50.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 6. mars 1992.

Meðalgöngumál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 31. janúar sl., hafa Landssamtökin Þroskahjálpar, kt. 521176-0409, Suðurlandsbraut 32, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með þingfestingu málsins 19. nóvember sl. fyrir hönd Sigríðar Árnadóttur, kt. 250775-5479, Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, á hendur Guðmundi J. Guðjónssyni, kt. 190733-2629, Guðrúnu V. Sverrisdóttur, kt. 110343-2059, báðum til heimilis að Sæbraut 3, Seltjarnarnesi, og félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, vegna meðferðarheimilisins að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi.

Dómkröfur.

1. Meðalganga Landssamtakanna Þroskahjálpar f.h. Sigríðar Árnadóttur verði leyfð í bæjarþingsmálinu nr. 605/1991: Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir gegn félagsmálaráðherra.

2. Vísað verði frá dómi þeim þætti í kröfugerð stefnenda í bæjarþingsmáli nr. 605/1991, sem lýtur að banni við rekstri á „sambýli eða annars konar stofnun fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta á Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi“. Einnig er þess krafist, að stefndi í málinu, félagsmálaráðherra, verði sýknaður af öllum öðrum kröfum stefnenda.

3. Til vara, að stefndi í bæjarþingsmáli 605/1991, félagsmálaráðherra, verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda.

4. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnendum í bæjarþingsmáli 605/1991 verði gert að greiða meðalgöngustefnanda málskostnað að mati réttarins.

Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 leggist við dæmdan málskostnað að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag dráttarvaxta. Einnig er krafist virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Í munnlegum málflutningi mótmælti meðalgöngustefnandi frávísunarkröfu meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur.

Dómkröfur meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur, eru þær aðallega, að kröfu meðalgöngustefnanda verði vísað frá dómi, en til vara, að synjað verði um meðalgönguna.

Í munnlegum málflutningi féll lögmaður þessara meðalgöngustefndu frá þeim röksemdum fyrir varakröfu samkvæmt greinargerð, sem hafnað hafi verið af Hæstarétti með dómi í hæstaréttarmálinu nr. 504/1991 9. janúar sl.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnanda samkvæmt mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti, að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1887 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags með ákvæði þess efnis, að áfallnir dráttarvextir skulu bætast við þann höfuðstól, sem dráttarvextir reiknast af, á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag þeirra.

Af hálfu meðalgöngustefnda, félagsmálaráðherra, var ekki sótt þing við munnlegan málflutning í máli þessu, en í greinargerð hans og bréfi félagsmálaráðuneytisins er tekið fram, að ráðuneytið hafi ekkert við það að athuga, að meðalganga meðalgöngustefnanda verði heimiluð í málinu.

Við munnlegan málflutning í máli þessu var sótt þing af meðalgöngustefnanda í meðalgöngumáli nr. 1059/1991: Helga Ingólfsdóttir f.h. ólög-ráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, sem heimiluð var meðalganga í máli nr. 605/1991 á bæjarþingi Seltjarnarness með dómi Hæstaréttar 8. janúar sl.

Dómkröfur þessa aðila eru þær, að Landssamtökunum Proskahjálp vegna Sigríðar Árnadóttur verði heimiluð meðalganga í máli nr. 605/1991 á bæjarþingi Seltjarnarness.

Málsatvik.

Ríkissjóður er eigandi fasteignarinnar nr. 2 að Sæbraut á Seltjarnarnesi. Frá hausti 1989 hefur verið starfrækt þar meðferðarheimili fyrir einhverfa á vegum félagsmálaráðuneytisins.

Meðalgöngustefndu, Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverris-

dóttir, sem búsett eru að Sæbraut 3, gegnt meðferðarheimilinu, sættu sig ekki við starfrækslu meðferðarheimilisins á þessum stað, og höfðu þau mál á hendur félagsmálaráðherra fyrir þessum dómi á síðasta ári, mál nr. 605/1991, þar sem þau krefjast þess, að félagsmálaráðherra verði dæmt óheimilt að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða annars konar starfsemi fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta að Sæbraut 2 og að félagsmálaráðherra verði gert skylt að viðlögðum dagsektum að leggja niður þá starfsemi, sem fram fer í húsinu að Sæbraut 2.

Af hálfu félagsmálaráðherra er krafist frávísunar af hluta krafna stefnenda í umræddu máli og sýknu af öðrum kröfum, til vara sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til þrautavara sýknu af hluta krafna stefnenda svo og af kröfu um dagsektir.

Með dómi Hæstaréttar 9. janúar sl. var Helgu Ingólfssdóttur f.h. ólög-ráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, heimiluð meðalganga í máli þessu.

Dómkröfur hennar eru þær, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að meðalgöngustefnandi og félagsmálaráðherra verði sýknaðir af kröfum stefnanda.

Rök meðalgöngustefnanda, Landssamtakanna Þroskahjálpar, vegna Sigríðar Árnadóttur fyrir því, að leyfð verði meðalganga í máli nr. 605/1991, eru þau, að úrslit þess máls hljóti að skipta heimilisfólkið að Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, verulegu máli. Ljóst sé, að ef fallist yrði á kröfur stefnanda, leystist heimilið upp. Einnig yrði vegið alvarlega að æru heimilisfólks með hliðsjón af þeim ásökunum, sem fram komi í greinargerð stefnanda. Hafa verði einnig í huga, að mál þetta hafi að hluta til verið rekið í fjölmiðlum af stefnendum. Stefnendur byggi þannig kröfugerð sína á hegðun heimilisfólksins á grundvelli nábylisréttar. Þótt ríkisvaldið sé eigandi húseignarinnar og í forsvari fyrir heimilishaldinu, sé ljóst, að þessi rökstuðningur stefnanda fyrir kröfugerð sinni snerti ekki síður lögvarða hagsmuni heimilisfólksins til að verja gerðir sínar og æru.

Þá hljóti þau ungmenni, sem búa að Sæbraut 2, að eiga eins og aðrir lögvarinn rétt til afskipta, ef ráðist er á þau grundvallarmannréttindi, sem þeim eru tryggð í lögum. Í lögum um málefni fatlaðra nr. 41/1983 sé verið að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna, þ.m.t. rétt þeirra til heimilis í íbúðarhverfi. Sigríður Árnadóttir sé ein af heimilisfólkinu að Sæbraut 2 og sjálfráða. Með hliðsjón af 5. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942 sé málið því rekið fyrir hennar hönd. Með samþykki foreldra hennar fari Landssamtökin Þroskahjálpar með málið f.h. Sigríðar.

Tilgangur landssamtakanna sé samkvæmt 2. gr. félagslaga „að berjast fyrir réttindum og vinna að málefnum þroskaheftra í landinu og tryggja þeim fulla jafnréttisstöðu á við aðra þjóðfélagsþegna“.

Aðilar að landssamtökunum geti orðið þau félög, sem vinna að tilgangi samtakanna.

Foreldrar Sigríðar Árnadóttur séu félagar í Umsjónarfélagi einhverfra barna, sem sé aðili að Þroskahjálp.

Því hafi verið talið eðlilegt af stjórn landssamtakanna, að þau reyndu að gæta hagsmuna heimilisfólksins að Sæbraut 2 og væru þannig í forsvari fyrir Sigríði varðandi rétt hennar til að hafa áhrif á gang bæjarþingsmáls nr. 605/1991.

Sigríður, sem fædd sé 25. júní 1975, sé þroskaheft, og hafi hún búið á heimilinu að Sæbraut 2 síðan í september 1989.

Á því væri byggt, að málsóknarumboð væri til staðar í íslenskum rétti, sbr. Hrd. 1974, 352, og 1969, 188.

Þá væri það grundvallaratriði í störfum landssamtakanna, að þroskaheftir séu ekki sviptir lögræði. Málsóknarumboð geri þessu fólki því kleift að fara í dómsmál án þess að vera svipt sjálfræði.

Af hálfu meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur, er frávisunarkrafa þeirra á því reist, að málsóknarumboð meðalgöngustefnanda fyrir Sigríði Árnadóttur sé án heimildar að lögum. Verði ekki séð, við hvaða heimildir það umboð sé stutt. Dómar þeir, sem nefndir séu þessu til stuðnings í greinargerð meðalgöngustefnanda, veiti ekki fordæmi fyrir þessu. Komi það hvort tveggja til, að um allt annars konar sambönd hafi verið að ræða milli viðkomandi aðila en hér og sakar efni verið annars konar. Þá hafi málsóknarháttum í þeim málum verið látið ómótmælt.

Því séu engin lagarök fyrir því, að meðalgöngustefnandi geti farið með málið fyrir Sigríði. Þá styðji 5. gr. laga nr. 61/1942 ekki sjónarmið meðalgöngustefnanda.

Í greinargerð meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur, er varakrafa studd sömu rökum og í máli nr. 1059/1991, sem dæmt var í Hæstarétti 8. janúar sl. og áður er getið. Í munnlegum málflutningi féll lögmaður meðalgöngustefndu frá þeim rökum fyrir varakröfunni, sem hafnað var í nefndum hæstaréttardómi. Hann taldi þó þann mun vera á málum þessum, að í máli nr. 1059/1991 hafi meðalgöngustefnandi bæði krafist sýknu sér til handa svo og félagsmálaráðherra, en í þessu væri einungis krafist sýknu til handa félagsmálaráðherra.

Af hálfu meðalgöngustefnanda í máli nr. 1059/1991: Helgu Ingólfsdóttur f.h. ólöggráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, eru málsástæður og lagarök í þessu máli þau, að kröfur stefnanda í máli nr. 605/1991 geti varðað alla menn. Hver og einn geti því átt að lögum rétt til meðalgöngu skv. ákv. 50. gr. eml. nr. 85/1936. Þessi málshöfðunarréttur taki einnig til lög-

legra félagsmanna, sem vinna að málefnum þroskaheftra og fáí til þess opinberan stuðning.

Þá er vitnað í ákvæði stjórnarskrár og lög um málefni fatlaðra nr. 41/1983 og bent á, að verði kröfur stefnenda í máli nr. 605/1991 teknar til greina, þá muni það útiloka heimilishald fyrir þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi, bæði varðandi þá, sem þar búa nú, og aðra, sem síðar kynnu að vilja búa þar.

Álit dómsins.

Í 5. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur eru taldir upp þeir, sem geta farið með mál fyrir dómi. Í 2. mgr. 5. gr. segir, að sé aðili einstakur maður, geti hann jafnan látið frændur sína að feðgatali eða niðja, maka sinn, systkini sín, tengdforeldri eða tengdabarn, stjúpforeldri, kjörforeldri eða kjörbarn fara með mál fyrir sig.

Í 3. mgr. sömu greinar segir m.a., að sé mál rekið fyrir héraðsdómi í Reykjavík eða á Akureyri, sbr. og fleiri staði skv. auglýsingu nr. 242/1976, og aðili fari ekki sjálfur með mál sitt eða fyrirsvarsmáður eða venslamaður samkvæmt áðursögðu, þá skuli hann fela meðferð þess héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni.

Síðar í sömu málsgrein segir, að í greindum kaupstöðum megi maður ekki ella flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sin nafni, nema hann standi í áður nefndu sambandi við aðila eða sé héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður.

Þótt ótvírætt þyki með vísan til áður nefnds hæstaréttardóms í meðalgöngumáli nr. 1059/1991, að Sigríður Árnadóttir eigi lögvarinna hagsmuna að gæta varðandi málalýktir í máli nr. 605/1991 á bæjarþingi Seltjarnarness og eigi af þeim sökum rétt til meðalgöngu í því máli, þá er ekki að finna í íslenskum rétti heimild til að fela samtökum eins og meðalgöngustefnanda slíka málsókn fyrir hennar hönd. Það er í andstöðu við áður nefnda 5. gr. laga nr. 61/1942 og á sér ekki stoð í öðrum réttarheimildum. Tilvitnaðir hæstaréttardómar verða eigi taldir veita fordæmi að þessu leyti.

Samkvæmt þessu þykir réttarfarsskilyrðum ekki vera fullnægt fyrir málshöfðun þessari, og ber því að taka aðalkröfu meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur, til greina og vísa málinu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist vegna veikinda dómara.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður dóm þennan upp.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
